

Þegar kennaramenntun var lengd og uppbyggingu námsins breytt þótti Kennarasambandi Íslands og Háskóla Íslands nauðsynlegt að efla símenntun kennara til að styrkja stéttina í að mæta þörfum samfélags sem er síbreytilegt. Kröfur til kennarastéttarinnar hafa verið auknar og verður menntun kennara að endurspeglja það. Einnig verða kennarar að vera í stakk búnir að takast á við breytingaferli sem fylgir nýrri aðalnámskrá grunnskóla. Því er nauðsynlegt að hver skóli setji fram símenntunaráætlun skólans og tryggi þar með framþróun starfsmanna. Skapa þarf starfsmönnum skólanna margþætt tækifæri til framhaldsmenntunar og stuðla að fjölbreytni í símenntunaráætlun sinni.

Í skólastefnu kennarasambands Íslands hefur lengi verið lögð áhersla á að kennaramenntun á Íslandi standist samanburð við önnur lönd og er símenntun kennara liður í því að efla stéttina enn frekar.

Símenntun kennara fer fram með ýmsum hætti, bæði formlegum og óformlegum. Meirihluti símenntunarinnar fer fram með óformlegum hætti s.s. þátttöku í ráðstefnum, málþingum, fræðslu- og kennarafundum, leshringum, lestri fræðiriti, samráði, notkun net- og fjölmiðla. Einnig fer símenntun kennara fram með formlegri hætti s.s. framhaldsnámi, starfsrannsóknnum og endurmenntunarnámskeiðum.

Símenntun kennara

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 102/126/150 (64) klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara.

Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára.

Símenntun kennara má skipta í tvo þætti:

1. Endurmenntun sem er nauðsynleg fyrir skólann.
2. Endurmenntun sem er nauðsynleg einstaka kennurum og verkefnum þeirra.

Hlutverk skólastjóra er að meta þörf skólans fyrir ýmis námskeið og fræðslufundi út frá áherslum næsta skólaárs og stefnu skólans.

Framkvæmd símenntunar

Ábyrgð skólans: Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri eru ábyrgir fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlana.

Ábyrgð starfsmanna: Starfsmenn eru ábyrgir fyrir eigin símenntun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Þeir taka virkan þátt í gerð eigin símenntunaráætlunar, fylgja henni eftir og óska eftir aðstoð ef þörf krefur. Þeir taka einnig virkan þátt í gerð símenntunaráætlunar skólans t.d. með því að koma með tillögur um námskeið/fræðslufundi.

Tímasetning: Undirbúningur símenntunaráætlunar skólans er á vorin. Skólastjóri kynnir og leggur símenntunaráætlun skólans fram og starfsmenn gerir eigin áætlun í samræmi við áætlun skólans og eigin þarfir/óskir eftir því sem hægt er.

Tími til símenntunar: Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Kennarar hafa allt að 102/126/150 klst. til símenntunar (og undirbúnings) á ári, þroskaþjálfar 64 stundir og aðrir starfsmenn a.m.k. 16 stundir á ári (þar með taldir starfsmannafundir).

Jafnræði til náms: Reynt verður að jafna tækifæri til símenntunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmanna á fyrri árum.

Framkvæmd starfspróunar

Framhaldsnám: Framhaldsnám á sviði kennslufræða/stjórnunar í fjarnámi er styrkt af skóla með þeim hætti að starfsmanni er gefið leyfi á launum til að sækja staðbundnar lotur skv. samþykkt bæjarstjórnar. Nemendur í fjarnámi kynna verkefni sín á kennarafundum. Framhaldsnám telst ekki hluti af 102/126/150 (64) klst. Hins vegar getur starfsmaður sótt um að undirbúningur og verkefnavinna teljist hluti af símenntun sé sótt um það skriflega. Skrá skal framhaldsnám sem hluta af starfspróun starfsmannsins. Skólastjóra er heimilt að synja starfsmanni um leyfi vegna fjarnáms.

Námskeið á kennsludögum: Starfsmaður getur sótt um leyfi á launum til að sækja einstök námskeið á kennsludögum að hámarki tvo daga á skólaári. Skólastjóri metur hverja umsókn með tilliti til hagsmuna nemenda, áherslna skólans og fjármagns.

Endurskoðun: Gert er ráð fyrir að starfspróunaráætlun starfsmanna sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, framboði og áherslum skólans hverju sinni.

Helstu áherslur skólans í símenntun starfsfólks skólaárið 2012-2013

Námskeið	Markmið
Skyndihjálp	Starfsmenn endurnýja skírteini sín í skyndihjálp á 2ja ára fresti.
Jákvæður agi	Efla enn frekar jákvæðan skólabrag í Sjálandsskóla
Aðalnámskrá grunnskóla	Innleiðing nýrrar aðalnámskrár.
Einhverfa	Efla þekkingu starfsmanna á þörfum barna með einhverfu.
Að vaxa úr grasi – að ná tökum á tilverunni	Námskeið sem veitir kennurum leyfi til að nota kennsluefnið.
Comenius – Fjársjóðseyjan	Auka víðsýni og efla samskipti við aðra skóla í Evrópu.
Leið til læsis	Kennarar í 1.-2.bekk.
Brúum bilið	Kennara í 1.- 2.bekk.
Stóra upplestrarkeppnin	Kennarar í 7. bekk.
Fræðslufundur kennara í Garðabæ	Samráðsfundur milli skóla í Garðabæ.
Lærum hvert af öðru	Kennarar sem sótt hafa námskeið kynna þau fyrir öðrum kennurum.

Samtök áhugafólks um skólaþróun

Fyrirlestur á vegum samtakanna haust 2012.

Skólastefna Garðabæjar

Innleiðing skólastefnu Garðabæjar. Áætluð lok eru vor 2013.

Betri líðan – meiri árangur

Í samstarfi við Þekkingarmiðlun

Námsmat í ljósi nýrrar aðalnámskrár

Námskeið í samstarfi við Menntaklifið.

Útikennsla á skólalóð

Nýting skólalóðar fyrir fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Mat á árangri og eftirfylgni

Starfsmaður skráir tímafjölda í símenntun á þar til gert eyðublað og skilar til aðstoðarskólastjóra í lok skólaársins. Skráning á símenntun er alfarið í höndum starfsmanna sjálfra.

Stjórnendur skólans ákvarða og meta hversu vel starfsmönnum hefur tekist að uppfylla kröfur í símenntunaráætlun skólans.